

7. fundur Rekstrarnefndar Klifs haldinn í Klifi

Mánudaginn 26 apríl 2026 kl 13:00

Á fundinn mættu:

Baldvin Leifur Ívarsson, Guðrún Þórðardóttir, Jenný Guðmundsdóttir og Sigrún Ólafsdóttir

1. Framkvæmdir síðan síðast.

- ✓ Búið er að setja nýja hurð í “Bláa salinn” næst á dagskrá er að laga andyrið og salernið þar
- ✓ Vírinn í tjöldunum var lagaður fyrir Þorrablótið og er allt annað að draga frá og fyrir, en tjöldin á bakvið eru öll að detta í sundur og þyrfti að endurnýja þau.
- ✓ Þorrablótsnefndin tók þátt í kostnaði við að kaupa og setja upp tvö ný sjónvörp í aðalsalinn sem koma að góðum notum á ráðstefnum og öðrum viðburðum.
- ✓ Einnig fjárfesti Þorrablótsnefndin í ljósum fyrir um 500.000 sem Máni, Arna og Þorrablótsnefndin sjá um að koma fyrir og hafa þau öll kærar þakkir fyrir frá okkur í rekstrarnefndinni.

2. Önnur mál

- ✓ Guðrún var búin að athuga hvað kostaði að yfirdekka stólana í aðalsalnum og var það um 18 til 22 þúsund án vsk pr stóll.
- ✓ Einnig var hún búin að kanna hvað það kostaði að þússa upp marmarann í andyrinu og er það ca 5 til 15 þúsund á fermetra
- ✓ Töluðum aftur við Ragnar tæknifræðing í sambandi við gluggana í kaffisalnum en það er ekki enn búið að panta þá og teljum við að það þurfi að gerast á næstum dögum svo að það sé hægt að draga frá þegar viðburðir eru í salnum.
- ✓ Við skoðuðum vel aðgengi fyrir utan og teljum við að það þurfi aðeins lagfæringu eins og steypa stéttina fyrir framan aðalhurðina og laga

göngustíga að öðrum inngöngum. Jenný talaði um að hún vildi sjá að lóðin fengi upplyftingu.

Fleira ekki gert fundi slitið kl 14:05

Sigrún Ólafsdóttir